

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 54/2005**

**frá 29. apríl 2005**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/95/EB frá 24. september 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi bifentrín- og famoxadonleifa sem þar eru sett <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/691 frá 7. október 2004 um breytingu á ákvörðun 2002/840/EB um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):  
„- **32004 L 0095**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/95/EB frá 24. september 2004 (Stjtið. ESB L 301, 28.9.2004, bls. 42).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 54zze (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/840/EB):  
„, eins og henni var breytt með:  
- **32004 D 0691**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/691 frá 7. október 2004 (Stjtið. ESB L 314, 13.10.2004, bls. 14).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/95/EB og ákvörðunar 2004/691/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 301, 28.9.2004, bls. 42.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 314, 13.10.2004, bls. 14.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.